

Æskulýðsnefnd Sörla



Æskulýðsnefnd Sörla hóf starfsárið 2004 – 2005 með því að halda kynningafund þann 24.10.04. Á þann fund voru börn, unglingar og foreldrar boðaðir og var þar kynnt það sem framundan var s.s reiðnámskeið, skautuferðir, reiðtúrar og margt fleira. Fréttabréfi var dreift þar sem fram kom öll dagskrá og upplýsingar sem krakkarnir þurftu að fá fyrir veturinn. Þeir sem ekki mættu á fundinn fengu dagskránna senda til sín.

Hið árlega jólaball var haldið 12. desember í reiðhöllinni okkar.

Reiðnámskeiðin hófust í janúar og var þátttaka mjög góð eða um 65 börn og voru þau á aldrinum 5 til 18 ára. Kennt er eftir svokölluðu knapamerkjakerfi sem er nýtt námsefni og fá krakkarnir sem eru í framhaldsskóla það metið til eininga fyrir hvert stig sem þau útskrifast í. Alls eru merkin (stigin) fimm og var Æskulýðsnefnd Sörla með þeim fyrstu til að notast við þetta kennsluefni á reiðnámskeiðunum.

Í febrúar var farið með krakkana á skauta og voru foreldrar að sjálfsögðu velkomnir með.

Við vorum með fjölskyldureiðtúra þrisvar sinnum á starfsárinu og einnig var farið í einn sameiginlegan reiðtúr í Heiðmörk með krökkunum í nálægum félögum, þar sem farið var í leiki og boðið upp á veitingar.

Viðburðurinn Æskan og hesturinn sem haldinn er ár hvert í mars er sameiginlegt verkefni æskulýðsnefnda á höfuðborgarsvæðinu. Sörlakrakkarnir tóku að sjálfsögðu þátt og skemmtu allir sér frábærlega. Mikil vinna liggur að baki svona sýningu og stóðu krakkarnir sig rosalega vel sem og allir sem að komu.

Til að safna pening fyrir ferðum og öðrum uppakomum hefur Æskulýðsnefndin staðið fyrir sjoppusölu þegar mót eru haldin á vegum félagsins. Einnig höfum við verið með ýmsan varning til sölu, t.d. létum við merkja fyrir okkur derhúfur. Við höfum einnig verið dugleg að taka að okkur þau verkefni sem okkur hafa boðist eins og útburður og annað slíkt og hafa krakkarnir staðið sig vel í því.

Fjölskyldudagur Sörla var haldinn í vor og lögðust þá allar nefndir félagsins á eitt til að gera daginn eftirminnilegan og er óhætt að segja að það hafi tekist. Dagurinn var öllum opinn, og þeim sem komu var boðið upp á hin ýmsu skemmtiatriði, sýningar, fræðslu um hestamennskuna og að sjálfsögðu drykk og grillaðar pylsur sem runnu ljúflega niður í lok dagsins.

Við ætlum svo að ljúka þessu starfsári með því að fara með yngri krakkana í dagsferð og eldri krakkana í ferð yfir helgi, en nýtt starfsár hefst með kynningarfundi í nóvember nú í haust.

Við erum fimm fullorðin og tveir unglingar sem störfum í Æskulýðsnefndinni og svo er starfandi foreldraráð sem í eru sex manns en þetta ráð var sett á fót í fyrra og hefur það gefist mjög vel að hafa starfandi foreldraráð meðfram nefndinni.

Við erum bjartsýn á næsta starfsár enda var það síðasta mjög skemmtilegt. Við náðum krökkunum vel saman, en það má segja að það sé meginmarkmið nefndarinnar að gera. Krakkarnir eru jú flest fyrst og fremst í hestamennskunni með fjölskyldu sinni, og hefur því oft reynst erfitt að ná þeim saman svo að þau kynnist betur. Þetta tókst ágætlega í vetur og verður því væntanlega enn léttara næsta vetur þar sem þau búa að viðkynningu síðasta vetrar.

Kær kveðja,

Sólveig Óladóttir
formaður Æskulýðsnefndar Sörla.